

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

218. fundur Skipulags- og umhverfisráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn **7. febrúar 2013 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá:

1. Erindi Grettiseigna ehf.
2. Skipulagsmál.

Tekið á dagskrá;

3. Erindi Víglundar Gunnþórssonar frá 214. fundi.
4. Erindi Önnu Maríu Elíasdóttur.
5. Erindi Gunnlaugs F. Guðmundssonar.
6. Erindi Valgerðar Kristjánsdóttur.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt erindi Péturs Jónssonar f.h.Grettiseigna ehf kt.510506-1540 þar sem hann óskar eftir að húseign félagsins í fasteignaskrá komi til með að heita Grettisból í stað Ytri Reykir lóð 144124. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir erindið.
2. Rætt um fyrirkomulag íbúafundar o.fl. sem framundan er vegna endurskoðunar Aðalskipulags Húnaþings vestra. Sveitarstjóri lagði fram til kynningar afrit af samningi við Landmótun sf. um endurskoðun aðalskipulags. Formanni falið að koma ábendingum nefndarinnar til forstöðumanns tæknideildar.

Tekið á dagskrá:

3. Víglundur Gunnþórsson kt.170157-5599 óskar er eftir því að nýtt deiliskipulag fyrir Dæli í Víðidal verði auglýst. Ráðið mælir með að deiliskipulagið verði auglýst. Víglundur vék af fundi við afgreiðslu erindisins.
4. Anna María Elíasdóttir kt.110170-3199 sækir um að rífa bíslag sem byggt er við austurhlið fasteignarinnar að Strandgötu 13 á Hvammstanga. Ráðið samþykkir erindið.
5. Gunnlaugur F. Guðmundsson kt.140766-5779 sækir um að rífa hlöðu fastanr. 213-3544 og fjárhús fastanr. 213-3541 á Söndum. Ráðið samþykkir að leita umsagnar Minjastofnunar Íslands sbr. ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.
6. Valgerður Kristjánsdóttir kt. 190865-5259 f.h Melstaðarkirkju kt. 460269-6019 sækir um leyfi til breytinga á innra skipulagi Melstaðarkirkju sbr. meðfylgjandi teikningar frá ARGOS ehf. Ráðið frestar erindinu og felur byggingarfulltrúa að afla frekari gagna.

Skipulags- og umhverfisráð bendir á að umsóknir teljast ekki samþykktar fyrr en þær hafa hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar Húnaþings vestra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl.18:55

Guðjón Loftsson (sign.),
Víglundur Gunnþórsson (sign.),
Benjamín Kristinsson (sign),
Sigurður Kjartansson (sign)

Erla B. Kristinsdóttir (sign.),
Skúli Þórðarson (sign),
Unnsteinn Andrésson (sign.),
Pétur Arnarsson (sign.),